



## **BIKARMÓT HNÍ**

### **1. Almenn**

- 1.1. Bikarmót skulu haldin árlega af mótanefnd HNÍ. Hvert bikartímabil er almanaksárið.
- 1.2. Keppt er í öllum þyngdarflokkum Elite karla og kvenna, ásamt ungmenna- og unglíngaflokkum karla og kvenna.
- 1.3. Haldin skulu 6 bikarmót yfir árið.
- 1.4. Hámarksfjöldi keppenda í hverjum flokki eru fjórir. Eft.d. eru skráðir til leiks fimm keppendur skal skipta í tvo flokka með þrjú keppendur í einum og tvo í öðrum.

### **2. Hlutgengi**

- 2.1. Þeir sem hafa gilda þátttökubók frá HNÍ, eru skráðir í hnefaleikafélag innan vébanda HNÍ í félagakerfi ÍSÍ og eru Elite keppendur eða ungmenni/unglingar hafa þátttökurétt á Bikarmót HNÍ.
- 2.2. Erlendir ríkisborgarar þurfa að auki að hafa haft samfellda búsetu hérlendis í a.m.k. 3 ár. Mótanefnd HNÍ er þó heimilt að veita undanþágu í sérstökum tilfellum.

### **3. Innvigtun**

- 3.1. Keppendur sem sitja hjá þurfa ekki að mæta í vigtun. Að öðru leyti skal farið eftir reglugerð um mótahald.

### **4. Styrkleikaflokkar**

- 4.1. Mótanefnd HNÍ er heimilt að raða keppendum eftir styrkleika áður en dregið er, til þess að reyna tryggja sanngirni á meðal keppanda.
- 4.2. Við mat á styrkleika keppenda skal horfa á heildarleikjafjölda í bók ásamt árangri á alþjóðlegum og innlendum meistaramótum ásamt styrk móta sem keppandi hefur unnið til verðlauna á. Ekki skal þó fara lengra en þrjú ár aftur í tímann þegar árangur móta er metinn.

### **5. Setið hjá**

- 5.1. Þegar fjöldi keppanda er í oddatölu situr einn keppandi hjá á hverju móti.

### **6. Niðurröðun**

- 6.1. Í hverjum flokki eru ýmist 2, 3 eða 4 keppendur. Mótanefnd HNÍ gefur hverjum keppenda númer og skal svo keppt eftir eftirfylgjandi áætlun:



Fjöldi í flokk	Mót 1	Mót 2	Mót 3	Mót 4	Mót 5	Mót 6
2	1-2	2-1	1-2	2-1	1-2	2-1
3	1-2, 3 situr hjá	3-1, 2 situr hjá	2-3, 1 situr hjá	2-1, 3 situr hjá	1-3, 2 situr hjá	3-2, 1 situr hjá
4	1-2, 3-4	1-3, 2-4	1-4, 2-3	2-1, 4-3	1-3, 4-2	4-1, 3-2

6.2. Ef kostur er skal raða leikjum þannig niður að léttustu flokkarnir byrji og síðan þyngdarflokkarnir koll af kolli í réttri röð.

## 7. Keppnisgjöld

7.1. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá HNÍ fyrir hvern keppanda og það ekki afturkræft, þótt viðkomandi mæti ekki til leiks, þ.e. ef hann er skráður.

## 8. Útreikningur á bikarstigum

8.1. Eftir hvert bikarmót hljóta keppendur fyrir hvern sigur 10 stig, fyrir hvert tap 5 stig og fyrir það að mæta í vigtun en fá ekki andstæðing fær viðkomandi 3 stig. Ef keppandi vigtast of þungur fær viðkomandi mínus 2 stig, yfir 71 kílóa flokki eru skekkjumörk 1 kíló og undir 71 kíló eru skekkjumörk 0,5 kíló. Ef keppandi dregur sig úr keppni innan 24 tíma þá dæmist andstæðingnum sigur og fær því 10 stig. Þó er nauðsynlegt fyrir keppanda að mæta í vigtun til að fá sigurinn dæmdan.

8.2. Eftir að öllum bikarmótum er lokið skal stigahæsti keppandinn í hverjum flokki fyrir sig vera útnefndur Bikarmeistari HNÍ. Þeim tveimur sem koma næst í stigum skal veita annað og þriðja sætið.

8.3. Til að hljóta nokkur verðlaun þarf að lágmarki að hafa sigrað eina viðureign yfir tímabilið og hafa tekið þátt í  $\frac{2}{3}$  af mótum tímabilsins. Séu einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppinnar vinnur sá sem er með fleiri sigraðar viðureignir. Séu þeir enn jafnir að stigum sigrar sá sem hefur unnið flestar lotur. Að öðrum kosti skal mótanefnd HNÍ kjósa sigurvegara.

8.4. Sérstök verðlaun hlýtur svo það félag sem unnið hefur flesta Bikarmeistaratitla það tímabilið. Sé jafnt skal horft til þess hversu margir hafa unnið til silfurverðlauna að auki. Sé enn jafnt er horft til bronsverðlauna. Að öðrum kosti skal mótanefnd kjósa sigurvegara.